



VERKLAGSREGLA
Viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar eða endanlegrar rekstrarstöðvunar.

0.VR.1.23

Útg: 1.1
Útg.dags: 15.10.2014
Bls 1 af 2
Höf: GS
Skrá: Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar

Ábyrgðarmaður: Gæðastjóri

Gildir frá: 15.10.2014

Gildir til: Ótímabundið

1. SKILGREINING Á REKSTRARSTÖÐVUN

Tímabundin rekstrarstöðvun er þegar ákveðið hefur verið að stöðva rekstur verksmiðju tilgreindan eða ótilgreindan tíma en jafnframt ákveðið að hefja rekstur aftur.

Endanleg rekstrarstöðvun er þegar ákvörðun liggur fyrir að stöðva rekstur verksmiðju fyrir fullt og allt og engar fyrirætlanir eru um að hefja rekstur aftur.

2. TILGANGUR OG UMFANG

Markmið áætlunar er að lágmarka möguleg mengunaráhrif frá húsnæði og/eða vélum og búnaði verksmiðjunnar. Lýst er verklagi sem gripið er til þegar þegar þessar aðstæður skapast.

3. ÁBYRGÐARSKIPTING

Framkvæmdastjóri / yfirmaður landvinnslu tekur ákvörðun um rekstrarstöðvun og tilkynnir viðeigandi aðilum um það með eins miklum fyrirvara og unnt er. Ef um varanlega rekstrarstöðvun er að ræða skal tilkynna það hafnaryfirvöldum á viðkomandi stað, Umhverfisstofnun og fulltrúa heilbrigðiseftirlits.

Rekstrarstjóri fiskmjölsverksmiðja gerir verkefnaáætlun um rekstrarstöðvunina og ef rekstrarstöðvunin er varanleg skal verkáætlunin gerð í samráði við hafnaryfirvöld á viðkomandi stað sem og Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit.

Verksmiðjustjóri / verkstjóri sér um framkvæmd verksins og skilar verkskýrslu við verklok. Ef um varanlega rekstrarstöðvun er að ræða skal verkskýrslan send hafnaryfirvöldum, Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti.

4. LÝSING

Viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar:

1. Löndunarbúnaður tæmdur og hreinsaður sem og allar blóðvatnslagnir.
2. Hráfnisgeymar tæmdir og hreinsaðir.
3. Allur búnaður, tæki, vinnslugeymar og lagnir í vinnsluferli verksmiðjunnar tæmt og hreinsað. Tryggt skal að leifar frá síðustu vinnslu sitji ekki eftir í vinnsluferlinu, sérstaklega hvað varðar blautvinnslusvæði verksmiðjunnar.
4. Öll efnavara tryggilega geymd í læstri geymslu.
5. Gengið snyrtilega frá í veksmiðjuhúsum og gert frostklárt þar sem engin upphitun verður. Húsakynni höfð læst og gengið þannig frá að ekki sé hætta gagnvart rafmagnsbúnaði.



VERKLAGSREGLA
Viðbragðsáætlun vegna tímabundinar eða endanlegrar rekstrarstöðvunar.

0.VR.1.23

Útg: 1.1

Bls 2 af 2

6. Hreinsuð lóð og umhverfi verksmiðjunnar, allt rusl skal senda til viðurkenndrar móttökustöðvar. Fyrirtækið er með samning við Hringrás hvað varðar málma og spilliefni.
7. Verklokaskýrslu skal senda rekstrarstjóra fiskmjölsverksmiðja til samþykktar.

Viðbragðsáætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar:

1. Löndunarbúnaður tæmdur og hreinsaður sem og allar blóðvatnslagnir.
2. Hráefnisgeymar tæmdir og hreinsaðir.
3. Farið skal skipulega yfir allan búnað, tæki, vinnslugeyma og lagnir í vinnsluferli verksmiðjunnar og skal það tæmt og hreinsað. Tryggt skal að leifar frá síðustu vinnslu sitji ekki eftir í vinnsluferlinu, sérstaklega hvað varðar blautvinnslusvæði verksmiðjunnar.
4. Lýsisgeymar hreinsaðir þegar lýsi hefur verið tæmt úr þeim.
5. Mjölgeymar og mjölnhús hreinsað eftir tæmingu.
6. Olíugeymar tæmdir og hreinsaðir. Þetta er gert í samráði við Olíudreifingu, sem tekur við olíu sem eftir er á geymunum. Olíudreifing tekur einnig við smurólíum og öðrum olíum sem til falla. Olígildrur skoðaðar og metið hvort nauðsynlegt er hreinsa þær og/eða tæma.
7. Öll efni sem geta valdið eituráhrifum og/eða geta verið skaðleg umhverfinu verði fjarlægð. Þau efni sem geta nýst öðrum deildum fyrirtækisins eru send til þeirra. Annað svo sem ýmis spilliefni skal senda á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni. Fyrirtækið er með samning við Hringrás hvað þetta varðar.
8. Fara skal skipulega yfir lóð með það að markmiði að hreinsa allt rusl og ganga snyrtilega frá öllu og með því lágmarka hættu á hvers konar mengun. Allt rusl skal senda til viðurkenndrar móttökustöðvar. Fyrirtækið er með samning við Hringrás hvað varðar málma og spilliefni.
9. Gengið skal snyrtilega frá verksmiðjuhúsnæði og gert frostklárt þar sem engin upphitun verður. Húsakynni höfð læst og gengið þannig frá að ekki sé hættu gagnvart rafmagnsbúnaði. Rafmagn skal tekið af þeim svæðum þar sem ekki er nauðsynlegt að hafa það á.
10. Þegar vélar og tæki verða fjarlægð skal það gert þannig að sem minnst rask verði á umhverfi og leitast við að flytja búnaðinn burt sem fyrst.
11. Verklokaskýrslu skal senda framkvæmdastjóra til samþykktar.

5. UMHVERFISSTEFNA SÍLDARVINNSLUNNAR

Síldarvinnslan hefur það að markmiði að starfa í sem bestri sátt við umhverfi sitt, stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og bættri umgengni við auðlindina.

Stefna Síldarvinnslunnar er að hámarka nýtingu á hráefni og orku.

Markvisst er stefnt að því að auka notkun umhverfisvænnar orku, að stuðla að umhverfisvænum rekstri á öllum stigum framleiðslunnar og framleiða heilnæmar gæðaafurðir.

Síldarvinnslan framleiðir ekki afurðir úr erfðabreyttum hráefnum.